

*Sent með tölvupósti*

Reykjavík, 30. júní 2022

Matvælaráðuneytið

## **Efni: Umsögn til Matvælaráðuneytis vegna draga að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum, 105. mál**

Bændasamtök Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 23. júní sl.

### **Dýravelferð**

Í 1. gr. draga að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum segir að tilgangur reglugerðarinnar sé að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru til blóðtöku, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir séu til fyljunar þeirra, sem verði gert með góðri umhirðu og aðbúnaði.

Bændasamtök Íslands benda á að meðal annars eru í gildi lög nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa. Í reglugerð um velferð hrossa er meðal annars fjallað um hrossahald, aðbúnað hrossa, bann við harðýðgi, meðferð hrossa, meðhöndlun hrossa, hvað umsjá hrossa felur í sér og hver sé ábyrgð umráðamanns hrossa. Drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum bætir þar engu við.

Í 1. gr. þeirra draga að reglugerð sem hér er til umfjöllunar kemur jafnframt fram að leitast skuli við að hrossin geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast sé kostur. Bændasamtök Íslands benda á að í 6. gr., sbr. einnig 1. gr., reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa er fjallað ítarlega um þetta atriði, drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum bætir því þar engu við.

Þá skal áréttum sú afstaða Bændasamtaka Íslands að umráðamenn búfjár skuli fylgja lögum og reglum um velferð dýra í hvívetna og að virkt eftirlit sé besta leiðin til að tryggja dýravelferð.

### **Atvinnufrelsi**

Bændasamtök Íslands telja að reglugerðardrög þessi þrengi svo að starfsemi bænda sem hafa starfa af blóðtöku úr fylfullum hryssum að jafnist á við að lagt hafi verið bann við starfseminni. Um sé að ræða fyrirvaralausar og órökstuddar takmarkanir á starfsemina sem kippi fótunum undan starfseminni sem atvinnugrein.

Telja samtökin að slíkar takmarkanir á atvinnustarfsemi verði aðeins settar með skýrri lagaheimild og með vísan til almannahagsmuna.

Þannig er í 1. mgr. 75. gr. Stjórnarskrárinnar kveðið á um þá grundvallarreglu að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Eigi að takmarka þennan rétt til atvinnufrelsis verði eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- Í fyrsta lagi verður að kveða á um skerðinguna í lögum.
- Í öðru lagi þurfa almannahagsmunir að krefjast þess að gripið sé til skerðingarinnar.

Bæði skilyrðin þarf að uppfylla og nægir því ekki lagaheimildin ein ef almannahagsmunina skortir.

Þegar kemur að því að meta hvort almannahagsmunir krefjist skerðinga á atvinnufrelsi þarf fyrst að líta til hagsmuna heildarinnar, þ.e. alls almennings, og meta hvort takmarkanir sem vísa til almannahagsmuna séu byggðar á málefnalegum forsendun, meðalhófi og jafnræðissjónarmiðum.

Vísast í þessu tilliti m.a. til til dóms í máli Hæstaréttar nr. 220/2005 (Tóbaksverslunin Björk) þar sem sagði meðal annars að þó að heimilt geti verið að setja skorður við atvinnufrelsinu með lögum þá verði ávallt að gæta meðalhófs við þá lagasetningu og leita vægari úrræða fyrst. Leiðir af dómafordæmi þessu að líta verði til þess að með skerðingu atvinnufrelsis getur lífsviðurværi fjölda fólks verið undir.

Með boðuðum takmörkunum á blóðtöku úr fylfullum hryssum sem stundað hefur verið á Íslandi í hartnær 40 ár er einnig vegið að eignarrétti þeirra bænda sem stunda starfsemina en sá réttur er varinn með eignarréttarákvæði Stjórnarskrárinnar. Það ákvæði tryggir bætur fyrir þá fjárhagslegu hagsmuni sem tapast vegna atvinnu sem menn hafa þegar tekið upp og stunda þegar hún er bönnuð. Vísast þar í dóm Hæstaréttar frá 1964, bls. 573 um bótaskyldu vegna banns við minkaeldi.

### **Athugasemdir við einstakar greinar í reglugerðardrögum**

Bændasamtök Íslands gera eftirfarandi athugasemdir sem ná til flestra ákvæða reglugerðardraganna:

#### **2. gr.**

Varðandi lið 1 þá hefur það ekki verið óskýrt hvað blóðtaka felur í sér.

Varðandi lið 2 þá bætir orðskýringin engu við orðið sjálft.

Varðandi liði 3-8 þá eru þeir nánast að öllu leiti orðrétt skrifaðir upp úr reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa og því með öllu óþarfir enda sú reglugerð í fullu gildi.

#### **3. gr.**

Blóðmerahald er í dag tilkynningaskyلت til Matvælastofnunar eins og annað búfjárhald. Því er ljóst að sú starfsemi lítur nú þegar eftirliti þeirrar stofnunar. Með vísan í reglugerðardrög um 20. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra sem fjallar um sérstakar tilraunir, rannsóknir, prófanir og annað tengt, þá telja Bændasamtökin að það ákvæði eigi ekki við um þá starfsemi bænda sem felur í sér blóðtöku úr fylfullum hryssum. Enda hefur ekkert komið fram sem rökstyður þá fullyrðingu að blóðtakan valdi álagi eða þjáningu fyrir dýrin, sé framkvæmdin í samræmi við

lög um velferð dýra og reglugerð um velferð hrossa. Bændasamtök Íslands telja því lagaheimild skorta til að starfsleyfisskylda starfsemina.

Varðandi ákvæði 3. gr. reglugerðardraganna um úttekt á aðstöðu varðandi blóðtökuna þá telja Bændasamtökin að slíkar kröfur séu kostnaðarsamar og nægjanlegt væri að MAST gæfi út leiðbeiningar um hvernig haga beri aðstöðu og láti það í hendur þess dýralæknis sem framkvæmir blóðtöku að meta hvort aðstaðan sé til þess fallin að blóðtaka geti farið fram.

#### **4. gr.**

Ekki eru gerðar athugasemdir við greinina enda MAST nú þegar sú stofnun sem hefur eftirlit með búfjárhaldi.

#### **5. gr.**

Ekki er fyllilega ljóst hvað átt er við með því að viðhaft skuli „Virkt innra eftirlit“ enda bæði óljóst hver ber ábyrgð í einstökum liðum ákvæðisins auk þess sem ekki eru ljós markmið þeirra kvaða sem þar eru settar.

Varðandi a) lið þá er um að ræða upplýsingar sem munu ávallt liggja fyrir hvort sem þær eru skráðar í reglugerð eður ei enda haldin skrá yfir blóðtöku úr hverri hryssu.

Varðandi b) og c) lið þá telja Bændasamtökin að allar hryssur í blóðtöku séu nú þegar skráðar í WorldFeng en vilja þó benda ráðuneytinu á að WorldFengur er upprunaættbók samkvæmt reglugerð nr. 442/2011 um uppruna og ræktun íslenska hestsins. Bændasamtök Íslands eru ekki mótfallin því að gerð sé krafa um skráningu hrossa í WorldFeng en telja að samhliða þurfi ráðuneytið að tryggja fjármagn til uppfærslu og reksturs forritsins.

Varðandi d) lið þá sjá Bændasamtökin ekki nein haldbær rök fyrir því að skráningarskylda sé meiri hjá þeim bændum sem halda hryssur til blóðtöku en annarra bænda sem halda hross til annara nota. Hið minnsta verði að skýra betur hver sé tilgangur þessarar skráningar og hvað nákvæmlega eigi að skrá.

Varðandi e) lið þá kemur ekki fram hver tilgangur mælinganna er, hvaða viðmiðum þurfi að ná úr mælingum og hvað sé átt við með marktæku hlutfalli hryssa á hverju ári.

Varðandi f) lið þá telja Bændasamtökin að leiðbeiningaskylda þessi hvíli á MAST og sé best komið þar og geti því ekki verið hluti af innra eftirliti. Varðandi tilkynningaskyldu þá er skýrt kveðið á um hana í lögum og því óþarft að tiltaka hana sérstaklega í reglugerðinni, enda slík tilkynningaskylda hluti af skyldum þeirra sem halda búfé, eftirlitsaðila og annarra borgara landsins.

#### **6. gr.**

Ákvæðið er með öllu óþarft enda skýrt kveðið á um þetta í reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa.

#### **7. gr.**

Ákvæðið er með öllu óþarft enda skýrt kveðið á um bann við harðýðgi og illri meðferð hrossa í reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa auk þess sem slík meðferð stríðir gegn lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

### 8. gr.

Varðandi a) og b) lið. Bændasamtök Íslands gera ekki athugasemdir við þessa liði enda önnur útfærsla blóðtöku ekki komið til álita.

Varðandi c) lið. Bændasamtökin telja að ekki sé nægilega skýrt hvað sé átt við með aðstoðarmanni. Þannig leggja samtökin mikla áherslu á að bændur geti sjálfir mannað þessar stöður enda vanir umgengni við hrossin auk þess sem óheyrilega dýrt væri ef dýralæknir ætti í öllum tilfellum að útvega allt að þrjá aðstoðarmenn sér til halds og trausts.

Varðandi d) lið þá eru ekki gerðar athugasemdir.

Varðandi e) lið þá er þeirri takmörkun sem þar er sett fram mótmælt harðlega enda liggi ekki vísindalegar rannsóknir að baki henni. Nær væri að nýta næstu þrjú ár til að gera haldbærar rannsóknir á áhrifum blóðtöku á merarnar og þá með tilliti til tímabils, fjölda skipta, magns blóðs sem tekið er og holdafars hrossanna svo einhver atriði séu nefnd. Engar þær blikur eru á lofti að aðkallandi sé að setja þessar takmarkanir á á þessum tímapunkti enda um að ræða atvinnugrein sem stunduð hefur verið í hartnær 40 ár.

Ljóst er að verði þessi takmörkun að veruleika er fótunum kippt undan starfseminni enda um að ræða verulegan tekjusamdrátt fyrir bændur.

Varðandi f) lið þá eru ekki gerðar athugasemdir.

Varðandi g) lið þá eru gerðar sömu athugasemdir og við e) lið þ.e. að slíkar takmarkanir þurfi að byggja á vísindalegum forsendum.

Varðandi liði h) og i) þá eru ekki gerðar athugasemdir.

Varðandi lið j) þá mótmæla Bændasamtök Íslands þessari fjöldatakmörkun við smölun harðlega enda í hrópandi ósamræmi við aldalangar hefðir á Íslandi. Bændasamtökin telja bændur fullfæra, eins og um aldir, að smala sínum búfenaði á þann hátt sem og í samræmi við aðstæður þannig að ekki skapist slyshætta fyrir hvorki menn né búfenað. Á það við um hross sem og annan búfenað. Jafnframt telja Bændasamtökin að aðstaða til handsömunar gripa skipti mun meira máli en fjöldi þeirra gripa sem smalað er hverju sinni.

Varðandi liði k), l) og m) þá liggja þær skyldur sem þar eru tíundaðar nú þegar á umráðamönnum hrossa samkvæmt gildandi lögum og reglum og því óþarfar í reglugerðardrögum þessum.

### 9. gr.

Varðandi skyldur umráðamanna hrossa og dýralækna sem fram koma í ákvæðinu þá er sú ábyrgð þegar skýr í öðrum reglugerðum og lögum og þessi upptalning því óþörf.

Bændasamtökin telja með öllu óeðlilegt að einkaaðila sem jafnframt er í yfirburðastöðu gagnvart bændum sem kaupandi afurðanna eigi að sinna eftirliti í landi bænda. Telja verður fyllilega nægilegt að því hlutverki sinni sá dýralæknir sem hverju sinni annast blóðtöku og MAST á grundvelli gildandi laga og reglugerða.

Hinsvegar kæmi til álita að kaupanda væri gert að hafa samstarf við MAST um að eftirlitsdýralæknir gerði tiltekinn fjölda úttekta á ári hverju þar sem framkvæmd blóðtöku væri skoðuð með handahófskenndum hætti.

#### **10.gr.**

Bændasamtök Íslands fagna öllum reglum sem koma í veg fyrir óeðlilega hvata í starfsemi bænda. Telja verður þó að vísindalegar rannsóknir skorti til að meta hvaða breytur hafi áhrif á heimtur blóðs úr hrossum. Þá verði einnig að velta upp þeirri spurningu hvernig haga beri verðlagningu afurða þegar telja verði að kaupandi afurðanna sé í markaðsráðandi stöðu.

#### **11. gr.**

Í ákvæðinu er vísað til heimildarákvæðis 46. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra varðandi heimild til setningu reglugerðar þessarar. Vandséð er til útfærslu á hvaða ákvæði laganna reglugerðin er sett og verður því að telja að vafi leiki á lögmæti þess grundvallar sem reglugerðadrögin eiga að byggja á.

Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við að reglugerð sem feli í sér jafn íþyngjandi ákvæði og drög þessi gera eigi að taka gildi þegar í stað. Ljóst má vera að bændur verði fyrir verulegu tjóni verði slík gildistaka að veruleika.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við gildistíma reglugerðarinnar sem áætlaður er þrjú ár en engin sjáanleg rök eru fyrir þeim gildistíma auk þess sem ekki er tekið fram í drögunum hvað gerist í júní 2025. Ákvæði þetta mun útiloka alla nýliðun í greininni og stöðva með öllu uppbyggingu hjá þeim bændum sem nú þegar starfa innan greinarinnar. Mun það fyrirsjáanlega valda miklu tjóni fyrir bændur og hafa áhrif á útflutningstekjur þjóðarinnar.

Að auki taka Bændasamtökin undir þau atriði sem fram koma í umsögn Dýralæknafélags Íslands, dags. 29.6.2022, um mál þetta.

#### **Niðurlag**

Starfsemin sem hér um ræðir er þáttur í verðmætasköpun bænda á búfjörðum en greinin veltir tæplega 2 milljörðum króna á ári. Þær takmarkanir sem boðaðar eru með reglugerðadrögunum munu hafa alvarlegar afleiðingar á afkomu þeirra bænda sem atvinnu hafa af greininni auk þess að ýta undir brottfall úr bændastéttinni.

Bændasamtökin ítreka einnig að velferð dýra eigi ávallt að vera í forgrunni og að mestum árangri verði náð með virku eftirliti.

Atvinnufrelsi er grundvöllur í íslensku samfélagi og ætli stjórnvöld sér að takmarka það þá verði slíkar ákvarðanir að eiga sér skýra lagastoð og byggja á almannahagsmunum.

Bændasamtök Íslands ítreka einnig þá afstöðu sína að setning reglugerðar þessarar eigi sér ekki lagastoð sem og að setning slíkrar reglugerðar sé ótímabær þar sem vísindaleg rök og rannsóknir skorti.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason  
lögfræðingur